

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 9. janúar 2023 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Skólabraut 5, óveruleg breyting deiliskipulags íþróttá- og skólasvæðis við Skólabraut.

Breytingin gerir ráð fyrir að heimilt verði að nýta bílastæði norðan við Hofstaðaskóla sem stæði fyrir 5 bráðabirgðaskólastofur á meðan unnið er að endurbótum skólabyggingar. Heimilt er að útbúa 25 bílastæði á lóð íþróttasvæðis með aðkomu frá bílastæði við Skólabraut.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 10. janúar 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2023